

Mál nr. 212/2007

M
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A.
og
Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar B.

Árekstur á þjóðvegi nr. 1, Norðurlandsvegi við N1 á Blönduósi, þann 1.7.2007.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 31.10.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 12.11.2007.
3. Bréf Y, dags. 14.11.2007, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Vinstri hliðar bifreiðanna A og B rákust saman er bifreiðirnar mættust. Þá var þoka, jafnframt sem fjárhópur var á veginum á vegarhelmingi þeim sem B var ekið eftir.

Ökumaður A kvað B hafa sveigt frá fjárhópnum og þá hafi bifreiðirnar rekist saman. Ökumaður A kvaðst alltaf hafa verið á sínum vegarhelmingi.

Eftir ökumanni B er haft að hann farið fram hjá 7-8 kinda hóp og þess vegna hafi hann verið svona mikið inni á veginum. Þó hafi honum ekki fundist að hann hafi farið yfir á öfugan vegarhelming. Annars hefði hann verið mikið nær vegarbrúninni.

Við rannsókn málsins kom í ljós að í þvagi ökumanns A fannst efnið tetrahýdrókannabínólsýra. Tetrahýdrókannabínól mun vera hið virka efni í kannabis, en tetrahýdrókannabínólsýra er óvirkt efni þess í þvagi. Samkvæmt þessu taldist ökumaður A vera óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega þegar þvagsýnið var tekið, sbr. 45. gr. a umferðarlaga nr. 50/1987.

Álit.

Ökumaður B ók innarlega á veginum þótt honum hafi ekki fundist hann hafa ekið yfir á rangan vegarhelming er hann sveigði undan fjárhópi á veginum. Hefur hann sönnunarbyrði um það að hann hafi ekki ekið yfir á rangan vegarhelming. Sú sönnun hefur ekki tekist og verður honum gefin sök á árekstrinum. Ekki verður nægilega ráðið af gögnum málsins að áreksturinn megi rekja til fíkniefnaneyslu ökumanns A. Verður honum því ekki gefin sök á því hvernig fór.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 27. nóvember 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.